

Fundargerð ÆSKP – 25. mars kl. 18:00 í Neskirkju

Mættir, Sigurvin Lárus Jónsson, Katrín Helga Ágústsdóttir, Þórunn Harðardóttir, Guðmundur Karl Einarsson og Eva Björk Valdimarsdóttir.

1. **Fréttabréf ÆSKP:** Ætlum að gefa út fréttabréf, Eva og Sigurvin ætla að vinna í því. Guðmundur ætlar að fá tilboð í prentun 250-300 eintaka í lit. Verður sent til flestra kirkna á landinu, presta og biskups.
2. **Bréf til kirkjuráðs þar sem beðið er um 100% starf fyrir framkvæmdarstjóra:** Framkvæmdarstjóri kynnir drög að bréfi sem stjórn samþykkir, bréfið undirritað og sent.
3. **Bréf þar sem óskað er eftir vígslu fyrir framkvæmdarstjóra:** Formaður les bréf fyrir viðstadda fundarmeðlimi. Í bréfinu er m.a. þeim styrk lýst sem felst í því að vígja framkvæmdarstjórnann og þeim möguleikum sem einnig felast í því fyrir sambandið. Framkvæmdarstjóri vísar af fundi á meðan stjórn ræðir málið. Stjórn ákveður að skrifa undir bréfið og fylgja málinu eftir.
4. **Skipun landsmótsnefndar:** Farið verður til Vestmannaeyja 15. apríl til að ganga frá húsnæði og athuga aðstæður. Auk þess þarf að vera búið að ganga frá tæknimálum, matarmálum og rútumálum sem allra fyrst. Búið er að skipa landsmótsstjóra og semja um sanngjarna þóknun. Farið verður þess á leit við Raket Brynjólfsdóttur að vera formaður landsmótsnefndar og skipa landsmótsnefnd. Rætt var við Katrínu Helgu um að taka að sér sjálfbodaðahópinn aftur en fundarmenn voru sammála um það að henni hafi tekist vel til síðast og tók hún vel í það.
5. **Samstarf við múslima á Íslandi:** Sigurvin segir frá samstarfi sínu við Horizon. Hjalti Jón og Eva fóru á viðburðinn Music Gala: Culture of coexistence í Danmörku fyrir stuttu en ákveðið hefur verið að hafa tónlistar og fjölmenningshóp á landsmóti 2015. Einnig var rætt um að hafa fjölmenningsþema á landsmóti árið 2016. Eva segir frá ferð sinni til Danmerkur. Hjalti Jón og Eva munu skrifa grein um ferð sína. ÆSKP greiddi flugkostnað HJ og E en sambandið hefur einnig sótt um styrki vegna þessa ferðar.
6. **Námskeið í fundarsköpum til aðildarfélaga:** Formaður vill vekja athygli aðildarfélaga virka þátttöku í æskulýðsfélögum og fundarsköpum. Upplýsa þurfi alla um þær siðareglur sem gilda í starfi – alveg fram að 18 ára aldri þátttakenda. Sækja þarf um styrk til að kynna fundarsköp fyrir æskulýðsfélögum og hvetja þau síðan t.d. til að halda sína eigin aðalfundi í kjölfarið. Gerum aðalfund – verum félag! Fundargerðir væru síðan sendar til stjórnar ÆSKP. Stjórnin fagnar þessu :-). Næsti umsóknarfrestur í æskulýðssjóð er 1. apríl og ætlar Eva að senda inn umsókn fyrir námskeiði.

7. Önnur mál:

- a. Nammimál rædd.
- b. KFUM&K málin í Hafnarfirði rædd. Stjórnin hefur misjafnar skoðanir á málinu. Ákveðið að kanna stöðu æskulýðsstarfs í kirkjum landsins, hver staðan á því sé á þeim eignum.